

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Skýrsla um Ylju neyslurými, eftir árs starfssemi.

Neyslurýmið Ylja er skaðaminnkandi úrræði í Borgartúni 5 þar sem einstaklingar 18 ára og eldri geta notað vímuefni í öruggara rými. Ylja er opin alla virka daga frá klukkan 10:00-16:00 en unnið er að því að berjast fyrir opnun um helgar og/eða lengri opnunartíma á virkum dögum. Í Ylju er bæði rými fyrir notkun vímuefna um æð og reykrými þar sem hægt er að reykja ópíóíða og örvandi vímuefni. Í Ylju er einnig hægt að fá hreinan búnað fyrir notkun vímuefna í æð og hreinan álpappír til að reykja, skaðaminnkandi leiðsögn frá starfsfólki og lágþröskulda heilbrigðisþjónustu. Það gildir algjör trúnaður og nafnleynd í úræðinu og ekki er þörf á að gefa upp kennitölu við komu.

Ylja vinnur eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði og markmið þjónustunnar er að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll, óafturkræfan skaða, sýkingar, smitsjúkdóma, að vernda líkamlega og andlega heilsu fólks sem notar vímuefni og auka lífsgæði þeirra.

Ylja býður upp á heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf sem getur dregið úr skaðlegri notkun sem svo getur dregið úr alvarlegum afleiðingum og álagi á heilbrigðiskerfið Má þar nefna sýkingar, blóðborna smitsjúkdóma og ofskammtanir. Einnig með því að útvega hreinan búnað til notkunar um æð og veita upplýsingar um örugga notkun má draga úr útbreiðslu sjúkdóma eins og HIV og lifrabólgu. Ylja leggur upp úr því að dreifa Naloxone og fræða þá sem vilja um notkun þess, Naloxone nefúði er mótefni við of stórum skammti ópíóíðlyfja og getur bjargað mannlífum.

Í töflunni hér má sjá tegund og magn efna sem tilkynnt hefur verið um af notendum í neyslurými (lyfjum er raðað frá mestri notkun í minnstu og magninu til hliðar)

Lyf (eftir notkun)	Magn eftir notkun					
Amfetamín	1 gr	0.5 g	0.2 mg	0.1 mg	0.1 g	0.5 mg
Oxycodone	80 mg	40 mg	Affall			
Contalgin	100 mg	50 mg	200 mg	40 mg	Affall	0.2 mg
Methylphenidate (rítalín, concerta)	40 mg	80 mg	60 mg	0.4 mg	30 mg	
Kókaín	0.1 g	0.1 mg	0.1 g			
Morfín	50 mg	Affall	100 mg	20 mg		
Methadon	0.1 g	0.1 mg				
Ketamín	0.1 mg	0.2 mg				

Hjúkrunarfræðingur frá Landspítalanum er með aðsetur í Ylju þrjá daga í viku sem er gífurlega mikilvægt skref í þjónustu við þennan hóp og samstarfið hefur gengið mjög vel. Vonin er að hægt verði að fjölga dögum þar sem hjúkrunarfræðingur frá Landspítalanum hefur aðsetur í Ylju sem og aðrir fagaðilar eins og t.d félagsráðgjafar. Það er einnig hjúkrunarfræðingur frá Rauða krossinum sem er á vakt og getur veitt heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf. Á þessu ári hafa verið skráð nærri 600 heilbrigðistengd tilfelli hjá tæplega 200 einstaklingum.

Fjölbreyttur hópur sækir þjónustu í Ylju og býr við margskonar félagslegar aðstæður. Þó flestir eigi sögu um langvarandi og þungan vímuefnavanda og heimilisleysi. Heimsóknir í Ylju hafa verið 3.326 síðan opnað var í ágúst á síðasta ári en fjöldi einstaklinga eru í kringum 200. Meirihlutinn eru einstaklingar sem skilgreina sig sem karlkyns og meðalaldur er 37 ára en konur er í kringum 31 % af þeim sem koma.

Aðgangur að neyslurými samkvæmt 12gr. hefur gengið vel og notendur hafa treyst rekstraraðila og gefið upp upplýsingarnar án vandkvæða sbr. nafn, aldur, kyn og búsetu, tegund og magn efnis hverju sinni. Það sem vert er að huga að og þyrfti að bæta við í verklag, er að skjólstæðingar þurfi að sýna starfsmanni í móttökunni efnin, líkt og þekkist í öðrum neyslurýmum í nágrannalöndum.

Í 12. grein reglugerðarinnar segir að notandi megi ekki fá aðstoð við notkun efna frá öðrum, hvort sem er frá starfsfólki eða öðrum notendum. Reynsla okkar hefur sýnt að starfsfólk getur veitt leiðbeiningar og stuðning án þess að aðstoða við notkun, en stundum hjálpa notendur hver öðrum. Starfsmenn hafa haft það sem óskrifaða reglu að leyfa það að einstaklingar fái aðstoð frá öðrum notanda. Við teljum mikilvægt að orðalag reglugerðarinnar varðandi þetta fyrirkomulag verði endurskoðað.

Það er ávallt reynt í byrjun að aðstoða og leiðbeina viðkomandi eins og hægt er og því er þetta oftast í blálokin þegar búið er að reyna flest annað. Það er ávallt betra að notendur geti fengið aðstoð í öruggu rými, þar sem starfsfólk er til staðar í stað þess að reka fólk út í öruggar aðstæður.

Jafningjar (þeir sem nota eða hafa notað vímuefni) mynda öðruvísi traust sín á milli og deila sameiginlegri reynslu, búa yfir þekkingu og notkunartækni og geta miðlað með skiljanlegum og traustum hætti til hvors annars.

Í vettvangsheimsókn í neyslurými H12 í Kaupmannahöfn kom í ljós að þau leyfa notendum að styðja við hvort annað og skrá þessi atvik sérstaklega. Frá janúar 2025 höfum við skráð 26 slík tilvik.

Á þessu fyrsta ári hefur ekki verið þörf á að nota lyf við ofskömmtnun á ávana- og vímuefnum. Ef einstaklingar sýna einkenni ofskömmtnunar, öndunarerfiðleika eða meðvitund minnkar, fylgist hjúkrunarfræðingur og starfsfólk sérstaklega grannnt með viðkomandi. Fylgst er með blóðþrýsting (BP), púls, öndunartíðni (RR) og súrefnismettun (SpO₂) og setið er hjá viðkomandi til að tryggja skjót viðbrögð. Ef blámi í húð eða vörum,

öndunarerfiðleikar (langt eða grunn öndunartíðni) eða meðvitund minnkar eru starfsmenn meðvitaðir um að viðbragðsáætlun fer í gang t.d nalaxone nefúða er beitt, öndunarstuðningur tryggður ofl.

Staðsetning Ylju hefur sýnt sig að er mjög góð, en lykillinn að skaðaminnkandi inngrípum er að hafa þjónustu í nærumhverfi fólksins sem eru að nýta sér hana. Áskoranir hafa helst verið opnunartími Ylju en það er opið alla virka daga frá 10-16 en lokað um helgar og á rauðum dögum. Vonir standa til að aukið fjármagn fáiist til að hægt verði að rýmka opnunartíma, á daginn og um helgar.

Ylja er mikilvægur partur af skaðaminnkandi þjónustu og stuðlar að betri lýðheilsu og mannréttindum fólks með vímuefnavanda. Ylja hefur lagt mikið upp úr því að mynda traust og tengsl við einstaklinga sem nýta sér þjónustuna og Ylja er einn þáttur í að fækka þröskuldum í þjónustu við þennan hóp. Í Ylju geta einstaklingar fengið aðstoð og hlýtt viðmót sem getur vegið þungt fyrir einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Sálfélagslegur stuðningur hefur verið veittur í 90 % tilvika og er veigamikill þáttur í þjónustu eins og Ylju.

Varðandi lið e. *Félagslega þjónustu og heilbrigðisþjónustu og hvernig hún hefur verið nýtt* og svo lið g. *Fjölda tilvísana til þjónustu utan neyslurýmis og tegundar þjónustu, svo sem vímuefna meðferðar*, þá eru góð tengsl milli notenda og starfsfólks Ylju grundvöllur þess að fólk biður um aðstoð eða tengingu í aðra þjónustu. Starfsfólk á auðvelt með að greina þarfir notendanna og geta því opnað á samtal um möguleg úrræði. Á þessu ári hafa starfsmenn margoft tengt notendur í mikilvæga þjónustu sem þeir eiga rétt á og hafa gríðarlega gagn af, t.d. félagsþjónustu, vettvangsteymi eins og Vor teymið, meðferðarúrræði og annan daglegan stuðning. Skráningu á þessarri þjónustu er ábótavant og verður bætt úr.

Í Ylju er lögð áhersla á að virða sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga sem nota vímuefni, auk þess að mæta notendum þjónustunnar án fordóma. Ekki er krafist þess að fólk hætti að nota vímuefni sem forsenda fyrir stuðningi eða þjónustu.

Varðandi h. lið, *helstu vandamál sem hafa komið upp og hvernig þau hafa verið leyst*, þá eins og áður hefur komið fram er opnunartíminn áskorun, einnig hefur gengið erfiðilega að ráða inn hjúkrunarfræðinga. Við höfum gripið til þess ráðs að ráða inn starfsfólk með aðra heilbrigðismenntun og þekkingu samkvæmt reglugerð.

Varðandi atvikaskráningu, þá hafa komið upp þrjú skipti þar sem kallað hefur verið eftir sjúkrabíl og notandi farið með sjúkrabíl í tveimur af þessum þremur skiptum. Kallað hefur verið eftir lögreglu í tvígang vegna ósættis á milli notenda. Í annað skiptið var einn notandi fjarlægður af útisvæði. Ef upp hefur komið minniháttar ágreining milli skjólstæðinga, hefur starfsfólki tekist að leysa það á farsælan hátt.

Við tökum eftir því að það er meiri eftirspurn eftir búnaði hjá Ylju eftir að önnur þjónusta t.d næturathvörf hófu að takmarka þann nálaskiptibúnað sem þau deila út. Við höfum því pantað inn aukinn búnað til að mæta eftirspurninni, með tilheyrandi kostnaði.

Mikilvægt er að minnast á í lokinn að Ylja stuðlar að breyttri umræðu um vímuefnanotkun í samfélaginu sem og fræðslu um skaðaminnkun almennt, sem leiðir til meiri skilnings og mannúðlegra viðhorfa í samfélaginu. Ylja hefur frá opnun fargað um 232 lítrum af notuðum sprautubúnaði og er þetta mikilvægt skref í aukinni samfélagsábyrgð og bættum sóttvörnum. Með því að samþykka og innleiða neyslurými sýna samfélög vilja til að leysa vanda með manneskjulegum og áhrifaríkum hætti, sem byggir á vísindum, mannúð og réttlæti.

Ósk Sigurðardóttir

Deildarstjóri

Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu

